

Ragnar Björnsson organisti heldur tónleika í húsi Filadelfíu-safnaðarins sunnudaginn 1. febr. kl. 5 s.d. Ragnar leikur þar á hið nýja orgel safnaðarins eingöngu franska músík, eldri sem nýrri. Leikur hann þar tónlist eftir núlifandi höfunda sem lítið hefur heyrst eftir hér á landi. Má þar nefna Gaston Litaze, en eftir hann leikur hann tvö verk, „Scherzo“

Ragnar Björnsson heldur orgeltónleika í Filadelfíu



Ragnar Björnsson.

Leikur franska nútímatónlist

og „Toccata sur le veni Creator! Einnig leikur Ragnar tónverk eftir Jehan Alain, sem miklar vonir voru bundnar við, en hann lést 39 ára að aldri. Tónverkin eru „Preludia og fúga“ og „Litanies“

Bróðir Alain er Marie Claire Alain, einn þekktasti núlifandi orgelleikari.

Fleiri verk eru á efniðskrání, og má þar telja verk eftir Oliver Messiaen og César Franck, en tónleikarnir byrja á verki eftir hann, Choral í a-moll.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis, en þeim sem vilja styrkja orgelsjóð kirkjunnar verður gefinn kostur á því um leið og gengið verður úr kirkju.

Minningar-tónleikar um Inga T.


Austfirsku áttahagafélagin í Reykjavík efna til minningartónleika um Inga T. Lárusson, tónskáld, í Háskólabíó laugardaginn 31. janúar kl. 14.30.

Tilgangur hljómléikanna er tvenns konar: Annars vegar að kynna tónskáldið og hins vegar að afla fjár til að reisa því minnisvarða á Seyðisfirði næsta sumar, en þar fæddist Ingi og samdi flest sín lög.

Sigurjón Ólafsson, myndhöggvari, gerði minnismerkið, en Seyðisfjarðarkaupstaður lætur sjá um uppsetningu varðans í framtíðarskrúðgarði bæjarins, sem skipulagður hefur verið af þessu tilefni.

Þess er vænst að vinir og aðdáendur Inga T. Lárussonar fylli Háskólabíó þennan dag og leggi þannig fram sinn skerf til framsýns þessu metnaðarmáli allra unnda tónskáldsins.

Þess skal að lokum getið með einlægu þakklæti, að listafólkið sem fram kemur á hljómléikunum gefur framlag sitt í virðingarskyni við tónskáldið.



Minnisvarði Sigurjóns Ólafssonar um Inga T. Lárusson

Borgarsjúkrahúsinu gefið fé til bóka-kaupa

Þann 30. desember sl. afhenti frú Katrín Hjaltsted, formaður Kvennadeildar Rauða Kross Íslands, Borgarspítalanum að gjöf frá deildinni, 100.000.- kr. til kaupa á bókum til sjúkrabókasafna spítalans. Við sama tækifæri afhenti hún bókasafni Borgarspítalans 6 kassettusegubandstæki, sem lánuð verða sjúklingum, sem hlusta vilja á upplestur af böndum, eða svað kallaðar talbækur. Tæki þessi eru hluti af gjöf, sem Kvennadeild RKÍ barst á árinu 1975 frá fyrirtækinu Austurstræti 16 hf.

Úlfar Þórðarson, læknir, formaður stjórnar Borgarspítalans, veitti þessum góðu gjöfum móttöku og þakkaði sérstaklega hlýhug til Borgarspítalans og þá miklu og óeigingjörnu vinnu, sem sjúkravinnir Kvennadeildar RKÍ

leggja af mörkum innan spítalans.

A myndinni sjást allmargar af

Norræn samsýning á vefjarlist

Fyrsta norræna samsýningin á vefjarlist verður opnuð í Listasafni Alaborgar í Danmörku í sumar. Þaðan verður sýningin send til allra Norðurlanda og endar á Íslandi í febrúar næsta ár.

Vefjarlist var ekki stunduð mikið sem listgrein í Evrópu fyrr en fyrir 1–2 áratugum. Árið 1962 var fyrsta alþjóðlega sýningin á vefjarlist haldin í Sviss og upp úr því varð mikil vakning í þessari grein. Sú sýning er nú endurtekin annað hvert ár og keppast listamenn úr öllum heiminum um að fá verk sín sýnd þar.

A norðurlöndum er til gömul og sterk hefð í vefjarlist en til skamms tíma flokkaðist hún svo til eingöngu undir heimilisíðnað. Þetta hefur þó verið að breytast. Á Listahátíð 1974 var t.d. haldin norræn samsýning á vefjarlist hér á landi þar sem fjórar íslenskar listakonur voru meðal þátttakenda.

A stóru Kvennasýningunni í fyrra kom fram allstór hópur kvenna sem lagt hafði stund á þessa listgrein og nú stunda fimm

verður haldin í sumar og næsta vetur — Öllum opin þátttaka

konur nám í nýstofnaðri textildeild Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Hingað til hafa eingöngu konur fengist við þessa listgrein hér á landi og í Félagi textilhönnuða eru nú 17 félagar, allt konur.

Sýningin sem nú stendur til að halda hefur hlotið nafnið Textil Triennale og má af því ráða að aðstandendur hyggist endurtaka hana þriðja hvert ár. Hún hefur hlotið styrk frá Norræna menningarmálasjóðnum sem gerði það að skilyrði að þetta yrði farandsýning.

Þátttaka í sýningunni er öllum opin en einungis verða tekin verk sem unnin eru í listrænum tilgangi, ekki þau sem gerð eru með framleiðslu í huga. Fimm manna dómnefnd mun fjalla um þau verk sem berast og er Asgerður Búadóttir fulltrúi Íslands í nefndinni.

Ekkert ákveðið þema verður á sýningunni. Að sögn forystumanna Félags textilhönnuða var það ekki talið heppilegt þar sem hér er um ólæðgan akur að ræða, svona sýning hefur aldrei verið haldin áður og þess vegna hefur enginn yfirsýn yfir það sem er að gerast í greininni. Þessi sýning er einkum hugsuð sem tilraun til að koma á nánara sambandi milli þeirra sem stunda vefjarlist og styrkja greinina í sessi.

Þeir sem hafa hug á að senda verk á sýninguna þurfa að koma þeim á framfæri við Félag textilhönnuða fyrir 1. maí nk. Ekki má senda fleiri verk en 3 og þau mega ekki vera eldri en þriggja ára gömul. Frekari upplýsinga má afla hjá stjórn Félags textilhönnuða en hún er þannig skipuð: Ragna Robertsdóttir formaður, Sigríður Jóhannsdóttir ritari, Steinunn Bergsteinsdóttir gjaldkeri, Asa Ólafsdóttir og Hildur Hákonardóttir meðstjórnendur. —ÞH

Gunnar Eypórsson, útvarpsfréttamaður, svarar gagnrýni:

Lít öðrum augum á Angólamálið en ÞH

Herra ritstjóri.

Ég sé í Þjóðviljanum í dag að pistill minn um Angóla á laugardaginn hefur farið meira en lítið í taugarnar á hæstvortum kollega ÞH, trúlega vegna þess að ég hef aðrar skoðanir á MPLA en hann sjálfur. Þetta verður honum til efni til fúkyrða og stóryrða um rangfærslur, makalausar fréttauka og fleira í þeim dúr. Þegar greinin er lesin kemur hins vegar í ljós að hún er aðeins viðauki við það sem ég sagði í útvarpið, rangfærslurnar og rangtúlkunin kemur ekki fram, heldur það eitt að ÞH er mér ósammála og er honum það velkomið.

Að sjálfsögðu get ég ekki sagt í sex mínútna spjalli allt sem ég veit um Angóla.

Yfirlitspistil af þessu tagi er ekki hægt að gera án þess að stikla á stóru og fara fljótt yfir sögu.

Hvorki ég né aðrir efast um að MPLA hefur mikið fylgi, og ekki vantaði nema herslumuninn að stjórn Portúgals viðurkenndi MPLA sem löglega stjórn Angóla þegar landið fékk sjálfstæði. Agostinho Neto, sem minar heimildir kalla kreddubundinn Marxista, hvað sem ÞH vill kalla hann, er nefnilega skólabróðir og góðvinur Mario Soares í Portugal, og Soares hefur reynt honum vel, og betur en Mobutu forseti mági sínum Holden Roberto í FNLA.

Mér er fullkunnugt um að MPLA hefur fylgi utan yfir-

ráðasvæðis Mbundu, þótt ÞH geri of mikið úr því. Samt sem áður er MPLA fyrst og fremst takmarkað við borgirnar í miðhluta Angóla og svæði Mbundumanna. MPLA er ekki samtök smábænda, eins og UNITA meðal Ovimbundumanna í suður Angóla, heldur þéttbýlissamtök.

Það er almennt viðurkennt að engin ríkisstjórn getur stjórnað Angóla í andstöðu við Ovimbundumenn í suðurhlutanum. Borgarastríðið ber ótvíræðan keim þjóðflokkastríðs umfram hugmyndafræðilegrar baráttu. Eina raunhæfa stjórnin í Angóla væri samsteypustjórn UNITA og MPLA, eins og helmingur Afríkuríkjanna vill, en slík lausn strandar fyrst og fremst á stífni og ósveigjanleika Netos.

En kjarni málsins í Angóla er sá að útlendingar, það eru Sovétmenn og Kúbumenn eru að knýja meirihluta þjóðarinnar til þess með ofbeldi og vopnavaldi að lúta yfirráðum MPLA og þröngva þjóðinni til hlýðni við sína eigin hugmyndafræði.

Ég nenni ekki að elta ólar við hnútukast ÞH í minn garð. Þó get ég ekki látið því ómótmælt að ég sé kallaður lygari fyrir að upplýsa þá staðreynd að FNLA hefur verið í fremstu viginu gegn Portúgölum allt frá 1962. Það breytir engu þar um að FNLA hefur framið fjöldamorð og glæpaverk í þeirri baráttu.

Að lokum vil ég leiðrétta þrálatan misskilning sem þjáir ekki aðeins ÞH heldur marga aðra. Minar heimildir eru alls ekki fyrst og fremst bandarískar, heldur frönsk, bresk, þýsk og skandinavísk dagblöð og tímarit sem fréttastofan kaupir. Þessi pistill um Angóla var reyndar byggður á ritgerð í Foreign Affairs að mestu, þótt nýlegar greinar í L'Express hafi einnig verið hafðar til hljóðsónar. Það er ástæðulaust af ÞH að láta það koma sér úr jafnvægi þótt ég líti Angólamálið öðrum augum en hann sjálfur. Það er nokkuð sem hann verður að sætta sig við.

Með kveðju, Gunnar Eypórsson, fréttamaður



þeim konum, sem vikulega starfa í sjúkrabókasöfnum Borgarspítalans, stjórnarformaður,

framkvæmdastjóri, aðstoðarframkvæmdastjóri og bókaforður Borgarspítalans.